



## Magnús og Siggi safna fótoltamyndum

Gert er ráð fyrir að þessi verkefni séu unnin í réttri röð.



Bræðurnir Magnús og Siggi eru að safna fótoltamyndum. Magnús á 43 myndir og Siggi á 37 myndir. Hvað eiga þeir margar myndir samtals?



Afi og amma komu í heimsókn og gáfu Magnúsi og Sigga 30 fótoltamyndir hvorum. Hvað á hvor þeirra margar fótoltamyndir núna?

Magnús átti pening í sparibauknum sínum og keypti sér 20 fótoltamyndir. Hvað á Magnús nú margar fótoltamyndir?



Siggi fór út í búð með sína peninga og keypti sér líka 20 fótoltamyndir. Hvað á Siggi margar fótoltamyndir núna?



Hvor bræðranna á fleiri fótoltamyndir?  
Hvað á hann mörgum fótoltamyndum fleiri?

Magnús gaf Ara vini sínum 30 fótoltamyndir.  
Hvað á Magnús margar fótoltamyndir núna?



Siggi gaf Jóni vini sínum 20 fótoltamyndir. Hvað á  
Siggi margar fótoltamyndir núna?

Hvor bræðranna á nú fleiri fótoltamyndir?



Magnús og Siggi ákváðu að blanda öllum  
fótoltamyndunum sínum saman og skipta  
þeim jafnt á milli sín.

Hvað á hvor þeirra margar fótoltamyndir  
núna?

